

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um framlag Íslands til þróunarsamvinnu og niðurstöður Monterrey-ráðstefnunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvert er mat ráðherra á niðurstöðum Monterrey-ráðstefnunnar?
2. Hver eru viðhorf ráðherra til þeirra sjónarmiða sem bandarísk stjórnvöld settu fram á ráðstefnunni?
3. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til þess hvort auka beri framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu sérstaklega í framhaldi af ráðstefnunni?